



Fundargerð

190. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, fimmtudaginn 25. janúar 2024, klukkan 14:00.

Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Gunnar Valdimarsson, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Almenn mál

1. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

Tekið fyrir afgreiðslubríf Skipulagsstofnunar dagsett 5. janúar 2024 þar sem gerðar eru athugasemdir við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulags-breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem áformin sem fram koma í tillögunni eru ekki í samræmi við auglýsta tillögu aðalskipulags, sem og að athuga þarf hvort byggingarreitir uppfylli ákvæði skipulagsreglugerðar um 50m fjarlægð frá ám sbr. 5.3.2.14. gr. Fyrir liggja uppfærð skipulagsgögn þar sem búið er að fella niður nokkrar lóðir til samræmis við athugasemd Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að breytingarnar sem gerðar hafa verið á tillögunni verði samþykktar og skipulagsfulltrúa falin fullnaðarafgreiðsla á deiliskipulaginu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. 2312001 - Hrífunes 2A

Tekin fyrir eftir grenndarkynningu áform um byggingaráform fyrir vélageymslu með gistiaðstöðu á efri hæð í landi Hrífunes 2a (L 163373). Áformin voru grenndarkynnt með athugasemdafresti til 16. janúar 2024. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsnefnd samþykkir byggingaráformin. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

3. 2401033 - Umsókn um framkvæmdaleyfi-Hringvegur um Eldhraun, efnistaka

Tekin fyrir umsókn frá Vegagerðinni um framkvæmdaleyfi, dagsett 20. desember 2023. Vegagerðin stefnir að því að fara í lagfæringar á tæplega 5 km kafla á Hringveginum nokkurn veginn frá veðurstöð nokkru austan við afleggjara að skál og að ræsum við Litla-Brest. Efni verður fengið úr námu sem skilgreind er sem náma N26 í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022. Áætlað heildarefnismagn eru 20.000 m³. Gengið hefur verið frá samkomulagi við landeiganda vegna efnistöku.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði heimilt að veita framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



4. 2401032 - Ásar 1

Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásar 1. Gerð er breyting á uppdrætti og greinargerð þar sem lóð er stækkuð, bætt er við nýjum byggingarreit fyrir tvær byggingar og skilmálar uppfærðir.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst og fái málsmeðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga.

5. 2401034 - Landskipti á Efri-Hraunbæ B

Með vísan til 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004 óska FSRE f.h. Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459 eftir samþykki, vegna landskipta á Efri-Hraunbæ B, L236289, sem var stofnað úr Hraunbæ, L163368, árið 2023. Engir matshlutar eru á nýstofnaðri lóð, né hlunnindi og enginn lögbýlisréttur fylgir Efri-Hraunbæ B.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við erindið og leggur til við sveitarstjórn að landskiptin verði samþykkt.

6. 2401035 - Stofnun vegsvæðis úr landi Teygingalæks

Erindi frá Vegagerðinni, dagsett 5. janúar 2024. Í erindinu er sótt um stofnun 21.543 m² vegsvæðis úr landi Teygingalæks. Erindinu fylgir uppdráttur er sýnir vegsvæðið.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnun lóðarinnar verði samþykkt.

Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 14.41

Jón Hrafn Karlsson

Rúnar Þorri Guðnason

Guðmundur Vignir Steinsson

Guðbrandur Magnússon

Elín Heiða Valsdóttir